

**Nd.**

## **267. Frumvarp**

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskirteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

### **2. gr.**

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskirteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjald-daga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

### **3. gr.**

Lög þessi ná ekki til söfnunarsjóðs Íslands.

### **4. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kunna af lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

### **5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.